

Nd.

241. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um reglugerð fyrir sparisjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndinni er það kunnugt, að óánægja nokkur er víða um land út af reglugerð fyrir sparisjóði frá 5. maí 1917. Virðist nefndinni, að umkvartanir þessar sjeu á nokkrum rökum byggðar, sjerstaklega að því er snertir smærri sparisjóði, sem óneitanlega verður allerfitt og kostnaðarsamt að fylgja fyrir-mælum reglugerðarinnar út í æsar. Telur nefndin sanngirni mæla með því, að hinum minni sparisjóðum, sem heima eiga í sveitum, utan kaптúna, verði veitt undanþága frá því bókhaldi, sem fyrirskipað er í nefndri reglugerð, ef þeir geta sýnt, að bókfærsla þeirra sje trygg.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að mæla með því, að tillaga, sem fer í þessa átt, verði samþykkt, og leggur til, að

Tillagan á þingskjali 128 orðist þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita þeim sparissjóðum, sem eru í sveitum og hafa ekki yfir 75000 kr. til ávöxtunar, undanþágu, að meira eða minna leyti, frá bókfærslu þeirri, sem fyrirskipuð er í reglugerð fyrir sparissjóði, 5. maí 1917, ef sjóðir þessir sanna fyrir stjórnarráðinu, að bókfærslu þeirra sje þannig hátt- að, að trygt sje.

Alþingi, 28. maí 1918.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gisli Sveinsson,
skrifari.

Einar Árnason,
framsögum.

Þórarinn Jónsson.

H. J. Kristófersson.